

Grænir skátar ehf.
Hraunbæ 123
110 Reykjavík

Reykjavík 27. júní 2019
UST201906-189/H.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þingvellir - Gullfoss og Geysir - Söfnunarkassar

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Grænna skáta ehf., dagsett 19. júní 2019, um framkvæmdaleyfi innan Gullfoss, Geysis og Þingvalla.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 141/1979. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis Umhverfisstofnunar.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Þingvellir er ekki í umsjón Umhverfisstofnunar, **umsækjandi þarf að sækja um leyfi hjá Þingvallanefnd skv. lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.**

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að setja upp söfnunarkassa fyrir endurvinnanlegar drykkjarumbúðir. Staðsetningar kassanna yrðu ákveðnar í samvinnu við Umhverfisstofnun. Grænir skátar losa söfnunarkassanna eins oft og þurfa þykir eða einu sinni til tvisvar í viku.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar séu söfnunarkassar fyrir endurvinnanlegum umbúðum á Gullfoss og Geysi og telur því ekki þörf á fleiri söfnunarkössum.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun synjar hér með umsókn Grænna Skáta um leyfi fyrir uppsetningu söfnunarkassa innan friðlandsins Gullfoss og á Geysi, þar sem nú þegar eru söfnunarkassar á stöðunum.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri